

Ellefti fundur Lýðheilsu og æskulýðsnefndar.

Árið 2020, mánudagurinn 26. Október kl 20.30 kom Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd saman til fundar.

#### 11. fundur kjörtímabilsins 2018-2022

Mættir til fundar Guðríður Eva Þórarinnisdóttir formaður, Heimir Sigurðson nefndarmaður, Sigfríð Lárusdóttir ritari.

#### V. fjárhagsáætlunnar 2021

##### 1. Opnun sundlaugar

- a. Aldrei er gömul vísa of oft kveðin. Það þarf að huga að fjölbreyttari opnunartíma á sundlaug og tækjasal og mæta þörfum fjölbreyttari notendahóps bæði í sundlaug og tækjasal. Nefndinni finnst mjög miður að nú sé komið á þriðja starfsár og þrátt fyrir að tala altlaf fyrir sömu hlutunum þá hefur opnunardögum í sundlaug fækkað á þessum tíma. Nefndinni hefur verið tjáð mikil óánægja frá fastagestum sundlaugarinnar sem þurfa nú að sækja sund í Reykholti á fimtudögum. Þessir aðilar eru að borga það sama fyrir árskort og áður en að fimtudagar voru teknir út en hafa þess í stað misst einn þjónustudag og þurfa ofan á árskortinu hér að borga í sund í Reykholti einu sinni í viku.
- b. Áskorun: Nefndin skorar nú á sveitafélagið að hefja nýtt ár 2021 með því að prófa morgunopnun í sundlauginni 2 – 3 daga í viku í samfleytt 4 – 6 vikur.

##### 2. Covid-19

- a. Í ljósi aðstæðna sem fylgja Covid-19 er mjög mikilvægt að halda utan um geð- og líkamlegaheilsu íbúanna. Þegar að tækjasalur og aðgangur að íþróttahúsi er skert eða alls ekki í boði er enn mikilvægara að sveitafélagið sýni sveigjanleika og auki þá opnun í sundlaug til þess að koma til móts við íbúa.
- b. Með opnun á morgnanna dreyfast gestir betur yfir daginn, auðveldara er að halda fjarlægðir, huga að sóttvörnum og minni smithætta veður.

##### 3. Árskort

- a. Mikilvægt að árskort gildi líka í opna tíman íþróttasal. Það gæti bæði aukið sölu á árskortum og ýtt undir að fólk nýti sér sundlaug og tækjasal.

##### 4. Heilsueflandi Samfélag

- a. Það þarf að halda áfram að stiðja við verkefni Heilsueflandi samfélag. Göngustígur milli Flúðahverfis og gönguleiðar á Miðfell er verkefni sem er mikilvægt að sjá á áætlun.

Fundi slitið 21.39

Guðríður E. Þ.  
Heimir Sig.  
Sigfríð Lárusdóttir